

Nd.

209. Frumvarp

til laga um frestun á framkvæmd laga nr. 45, 20. okt. 1913, um bjargráðasjóð Íslands.

Flutningsmenn: Pjetur Ottesen og Pjetur Þórðarson..

1. gr.

Frestað skal fyrst um sinn framkvæmd laga nr. 45, 20 okt. 1913, um bjargráðasjóð Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1918.

Ástæður fyrir frumvarpinu.

Hið erfiða ástand þessara tíma gerir það nauðsynlegt, að dregið sje svo sem verða má úr útgjöldum einstaklinganna og hins opinbera. Að því stefnir frumvarp þetta. Auk þess hefir hið opinbera þegar tekið að sjer öll bjargráð í landinu.